

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi við Sunnuhlíð og Skarðshlíð.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti þann 1. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fosshlíð, Mánahlíð, Sunnuhlíð og Barmahlíð.

Breytingin nær yfir götu og gangstéttir Skarðshlíðar frá gatnamótum við Fosshlíð að Sunnuhlíð og einnig hluta Sunnuhlíðar, frá bílastæði við verslunarmiðstöð og vestur fyrir lóð Sunnuhlíðar 12. Markmið með breytingunni er aukið öryggi óvarinna vegfarenda og lækkun umferðarhraða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 16. september 2021,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2021